

Símenntunaráætlun Njarðvíkurskóla 2019-2020





Samkvæmt 12. grein grunnskólalaga er gert ráð fyrir að hver skóli að frumkvæði skólastjóra að móti áætlun til ákveðins tíma um hvernig starfsþróun starfsfólks skuli háttað svo að hún sé í sem bestu samræmi við áherslur skólans, sveitarfélagsins og aðalnámskrá. Ákvörðun um fræðslu fyrir starfsmenn Njarðvíkurskóla byggir á stefnu skólans, áherslum hans og Menntastefnu Reykjanesbæjar.

Símenntun starfsmanna má skipta í tvennt:


- 1) Námskeið og fræðslufundir sem skólastjóri ákveður út frá stefnu skólans og forgangsverkefnum skólaársins.
- 2) Námi og fræðslu sem starfsmaður hefur áhuga á og telur mikilvæga fyrir sig í sínu starfi.

Skólastjóri ákvarðar almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans, áhersluatriðum skólaársins og/eða þróunarvinnu á grundvelli sjálfsmats skóla. Starfsmönnum ber að gera skólastjóra grein fyrir þeirri símenntun sem þeir hafa áhuga á og telja sig þurfa að sækja til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi. Starfsmönnum ber einnig skylda til að sækja þau námskeið og fræðslufundi sem þeim er ætlað, samkvæmt símenntunaráætlun skóla. Þau skulu haldin á starfstíma skóla og vera starfsmönnum að kostnaðarlausu.

Hjá grunnskólakennurum markast tíminn til starfsþróunar af samningsbundnum 150/126/102 klst. á ári til símenntunar og undirbúnings kennara. Starfsþróun, sem hluti af 150/126/102 klst. er almennt ætlaður tími utan við skipulagðan starfsramma skólaársins en einnig er heimilt að koma henni við á starfstíma skóla. Starfsþróun kennara má skipta í tvo meginþætti: Þættir sem eru nauðsynlegir fyrir skólann og þættir sem kennari metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi.

Dæmi um símenntun eru:

- Námskeið á vegum skólans eða annarra viðurkenndra aðila
- Skipulagðir leshringir og vettvangsheimsóknir
- Stutt námskeið og kynningar á fundartíma kennara (telst ekki hluti af 150/126/102 tímum en skráist sem símenntun)
- Umbóta- og/eða þróunarverkefni
- Teymisvinna
- Rýnishópar
- Sjálfsnám (lestur, myndbönd, netið o.fl.)



Skólastjóri er ábyrgur fyrir framkvæmd og úrvinnslu símenntunaráætlunar og er áætlunin kynnt starfsmönnun í upphafi skólaárs.

Starfsmenn eru ábyrgir fyrir eigin símenntun, þeir leita tækifæra til að bæta kunnáttu og þroska hæfileika sína. Starfsmenn taka virkan þátt í gerð eigin símenntunaráætlunar, fylgja henni eftir og óska eftir aðstoð ef þeir þarfnast hennar.

Framhaldsnám telst ekki hluti af 150 klukkustundum til endur- og símenntunar nema það tengist beint símenntunaráætlun skólans. Framhaldsnám er skráð sem hluti af einstaklingsáætlun starfsmanns.

Fjármögnun:

- Í fjárhagsáætlun skólans fyrir árið 2019-2020 er gert ráð fyrir þeim fjárhæðum sem fást vegna umsókna í endur- og símenntunarsjóð til námskeiða
- Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar sér um fjármögnun
- Símenntunarsjóðir sem skólinn og starfsmenn sækja í
- Styrkur var veittur úr Endurmenntunarsjóð grunnskóla
- Starfsmaður greiðir

Skráning og mat:

- Starfsmaður skráir á þar til gert eyðublað þá símenntun sem hann tekur þátt í og skilar til skólastjóra að vori.
- Skólastjóri og starfsmaður meta hvort símenntun telst matshæf.
- Skólastjórar fara yfir og meta, í starfsmannasamtölum, hversu vel starfsfólki hefur tekist að uppfylla kröfur í símenntunaráætlunum.
- Mat á eigin áætlun starfsmanns í starfsmannasamtölum.

Fræðsluskrifstofa RNB :

- Skipuleggja fræðslu á endurmenntunardögum að hausti
- Skipuleggur fræðslu 1. og 3. þriðjudag í mánuði
- Kennarar taka þátt í þróunarverkefnum með öðrum grunnskólum Reykjanesbæjar á vegum Fræðsluskrifstofunnar í samræmi við tillögu okkar og annarra skóla
- Námskeið til undirbúnings Litlu- og Stóru upplestrarkeppninni
- Fræðslu – og samráðfundir fyrir alla allt starfsfólk
- Teymi þeirra sem kenna nýbúum í bæjarfélaginu fundur einu sinni í mánuði
- Fundir deildastjóra





Gert er ráð fyrir að símenntunaráætlun starfsfólks sé í stöðugri endurskoðun og geti breyst eftir aðstæðum, framboði og verkefnum hverju sinni. Símenntunaráætlun Njarðvíkurskóla er birt á heimasíðu skólans.

Símenntunaráætlun Njarðvíkurskóla er unnin fyrir starfsmenn með menntun og mannrækt að leiðarljósi

Ferli símenntunar


Ferli við gerð símenntunaráætlunar






Áætlun um símenntun skólaárið 2019-2020

Heiti	Tími	Fyrir hverja	Umsjón
Haustráðstefna grunnskólanna í RNB í umsjón Fræðsluskrifstofu. <i>„Menntun og velferð fyrir alla: skóli margbreytileika, fjölmenningar og vináttu“</i>	13. ágúst	Kennara og þroskaþjálfarar	Fræðsluskrifstofa RNB
Birtingamynd örðugleika hjá nemendum. Fræðsla fyrir aðra starfsmenn	21. ágúst	Annað starfsfólk	Fræðsluskrifstofa RNB Kolfinna Njálisdóttir
Kynning á starfi skólans	15. ágúst	Nýir starfsmenn	skólastjórnendur
Greiningar og birtingamyndir örðugleika hjá nemendum Asparinnar.	Í upphafi skólaárs	Starfsmenn Asparinnar	Einar Trausti Haraldsson yfirsálfræðingur, Kolfinna Njálisdóttir sérkennslufulltrúi RNB og Ingólfur Einarsson barnalæknir á GRR.
Hautferð/fræðsluferð	19. ágúst	Allir starfsmenn	Stjórnendur
Persónuvernd- persónuverndarlöggjöf	Allt skólaárið. 15. ágúst fræðsla til allra starfsmanna, umsjón Hrefna Gunnarsdóttir persónuverndarfulltrúi í Reykjanesbæjar	Allt starfsfólk	Skólastjórnendur og persónuverndarfulltrúi RNB,
Fræðsla um sjúkdóma hjá nemendum	4. september	Allt starfsfólk	Skólahjúkrunarfr.
Allir konfektmolarnir Fræðsla fyrir starfsfólk með áherslu á stuðning við kennara um hvernig við komum til móts við alla nemendur. Tenging milli sérdeildarinnar Aspar, námsvers og bekkjardeilda.	Á skólaárinu	Allt starfsfólk	Heiða Ingólfisdóttir og Kristín Blöndal ásamt stjórnendum
Námsferð til Alicante - Skólaheimsóknir - Hópefli og tilfinningagreind - Leikur að læra, grunnnámskeið - Núvitund í lífi og starfi	25.-29. október	Allt starfsfólk	Skólastjórnendur og Heimsferdir.
Fótsporin-vinnustofa Markmiðið með vinnunni er að skapa sameiginlega sýn hópsins á hlutverk þeirra og starfið í heild.	20. ágúst	Almennir starfsmenn	MSS Nanna Bára Maríasdóttir
Forritun – námskeið fyrir kennara	Á skólaárinu	Allir kennarar	Rafn M. Vilbergsson og Yngvi Þór Geirsson



Viðhald lestrarstefnu	Reglulega yfir skólaárið	Kennarar	Lestarteymi Njarðvíkurskóla í umsjóna Helenu Rafnsdóttur deildarstjóri og Ástríður Sigurðardóttir fagstjóri í íslensku á eldra stig.
PBS – Viðhald verkefnisins Stöndum saman	Haustönn og jafnt og þétt yfir skólaárið Haustönn / september	Upprifjun fyrir alla Kynning fyrir nýja kennarar og starfsfólk Allt starfsfólk	Kristín Blöndal og Fanney Steinunn Sigurðardóttirteymisstjórar
Stóra – Upplestrarkeppnin Litla – Upplestrarkeppnin	Á skólaárinu	Íslenskukennarar í 4. og 7. bekk og aðrir áhugasamir	FRÆ/Raddir
Skráningarkerfi Mentors	Námskeið/erindi í upphafi skólaárs og jafnt og þétt yfir skólaárið	Kennarar/Þroskaþjálfar	Rafn Vilbergsson Guðný Karlsdóttir
Námsmat- haldið áfram að þróa breyttar áherslu í námsmati.	Allt skólaárið	Kennarar/Þroskaþjálfar	Skólastjórnendur
Jafnréttisáætlun viðhaldið	Á skólaárinu	Allt starfsfólk	Jafnréttisnefnd, Jóhann Gunnar Sigmarsson teymisstjóri
Grænfánaverkefninu viðhaldið	Á skólaárinu	Allt starfsfólk	Umhverfisteymi
PALS/K-PALS	Kennarar á yngra stigi sem ekki hafa farið á PALS -K-PALS námskeið áður	Á skólaárinu	Hulda Karen
Fræðsluerindi 1. og 3. þriðjudag í hverjum mánuði	Allt skólaárið	Kennarar	Fræðsluskrifstofa RNB
Fræðsla og samráð kennara af öllum sviðum	Allt skólaárið	Kennarar/Þroskaþjálfar	Fræðsluskrifstofa RNB
Jafningjafraðsla-Kynning á því sem kennarar / starfsfólk er að gera gott. Greinabundnar og faglegar umræður	Yfir skólaárið	Allir starfsmenn	Allir starfsmenn/stjórnendur
Heimsóknir í kennslustund Ýmis forvarnarfræðsla Lífshlaupið	Á skólaárinu Á skólaárinu Á vorönn	Allir kennarar Kennara og starfsfólk Allt starfsfólk	Stjórnendur Stjórnendur og aðrir sérfræðingar Stjórnendur ásamt fagstjóra í íþróttum og öðrum áhugasömum.
Fræðsla/kynning á ýmsum áætlunum á vegum skólans	Á skólaárinu	Starfsmenn	Stjórnendur/ starfsmenn



Sundpróf sundkennara	14. ágúst	Sundkennarar	FRÆ/ Hafsteinn Ingibergsson
Ýmis námskeið á vegum starfsmannafélagsins	Á skólaárinu	Allir starfsmenn	Stjórn starfsmannafélagsins